

JÓLAGJAFIR

SEM GLEÐJA

LAUGARDAGUR 21. DESEMBER 2013



Óskagjafir barnanna

Vinsælustu gjafir breytast ár frá ári. Farið er yfir vinsælar gjafir barna á 30 ára tímabili.

SÍÐA 2

Jólastemning í miðbænum

Stærsti jólamarkaður landsins stendur nú yfir á Ingólfstorgi.

SÍÐA 2

JÓLAGJÖFIN Í ÁR ER VELLÍÐAN OG SLÖKUN


Innifalið í gjafakortum er aðgangur að heilsulind, herðanudd í heitum pottum, handklæði og sloppur.

Gefðu gjafakort frá Nordica Spa & Gym

nordicaspa.is | Suðurlandsbraut 2 | 108 Reykjavík | 4445090



NORDICA
SPA&GYM



Ég man þau jólin

Vinsælustu jólagjafir barnanna breytast ár frá ári. Skemmtilegt getur verið að horfa um öxl og sjá hvers börnin hafa óskað sér helst síðustu þrjátíu árin. Breska tímaritið The Telegraph tók nokkrar vinsælar gjafir saman.

1984: KÆRLEIKSBIRNIRNIR



Teiknimyndirnar um kærleiksbirnina voru gríðarlega vinsælar um miðjan níunda áratuginn. Raunar hefði mátt nefna í þessum lið bæði He-Man, My Little Pony og Thundercats. Helsta vopn kærleiksbjarnanna var að skjóta regnbogastraumum úr augum sínum að mótherjum sínum sem höfðu helst unnið sér til saka að vera ekki nógu kátir og hressir.



1985: TRANSFORMERS

Optimus Prime, ofurhetja sem breyttist í flutningavagn, var leiðtogi Transformers-gengisins og því vinsælastur þessara nýstárlegu leikfanga.



1990: TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES

Hinar stökkbreyttu þitsuétandi skjaldbökur, Donatello, Raphael, Michelangelo og Leonardo, áttu hug og hjörtu barna árið 1990.



1996: BÓSI LJÓSÁR

„Út fyrir endimörk alheimsins!“ kallaði Bósi Ljósár í teiknimyndinni Toy Story. Í kjölfarið varð plastdúkkja í líki Bósa ein vinsælasta jólagjöfin og var uppseld víða um heim.

1999: POKÉMON



Pokémon er samsett úr orðunum „Pocket Monster“ eða vasaskrímsli. Fígúrnarnar eiga uppruna sinn úr tölvuleik frá Nintendo en hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim.

2002: BRATZ

Afar vinsælar dúkkur með skringilega stóran haus miðað við bók. Sumir töldu þær hótinu skárrí en hin undirgefna Barbie en aðrir voru lítt hrifnir af þeirri ímynd sem Bratz-stúlkurnar gáfu ungum stúlkum.



2005: TAMAGOTCHI CONNEXIONS

Gervigæluvírið Tamagotchi var afar vinsælt meðal barna og líklega foreldra líka sem með þessu gátu keypt sér frið frá suði barna um hvölp eða kettling. Huga þurfti vel um gervivírið því annars dó það. Ólíkt upprunalega Tamagotchi gátu Tamagotchi Connexions-dýrin tengst í gegnum infrarautt ljós og jafnvel getið Tama-börn.

2007: NINTENDO WII



Wii-leikjatölvan kom á markað árið 2006 og hefur verið ein vinsælasta jólagjöfin alla tíð síðan. Helstu kostir tölvunnar þóttu hreyfiskynjarar sem gerðu krökkum kleift að spila leiki án stýripinna.



„Það er því óhætt að segja að hér sé um stærsta jólamarkað landsins að ræða. Hér geta gestir kynnt sér og keypt mjög fjölbreytt úrval enda lögðum við mikið upp úr fjölbreytileikanum,“ segir Hlédis Sveinsdóttir.

MYND/GVA

Ljúf jólastemning á Ingólfstorgi

Stærsti jólamarkaður landsins stendur nú yfir á Ingólfstorgi í Reykjavík. Yfir 45 söluaðilar selja þar og kynna úrval vara sem tengjast jólahátíðinni. Fjölbreytt dagskrá verður einnig í boði.

Árlegi Jólamarkaðurinn á Ingólfstorgi verður með töluvert öðru sniði en áður. Mun fleiri söluaðilar kynna og selja vörur sínar en áður að sögn Hlédisar Sveinsdóttur, sem sér um skipulag hans, en á Ingólfstorgi eru þrettán jólabjálkahús, tvö topptjöld og síðasta fimmtudag bættist 180 fermetra markaðstjald í hópinn. „Það er því óhætt að segja að hér sé um stærsta jólamarkað landsins að ræða. Hér geta gestir kynnt sér og keypt mjög fjölbreytt úrval enda lögðum við mikið upp úr fjölbreytileikanum. Hér blöndum við saman handverki, hönnun, gjafavörum, ljúffengum matvælum, tónlist, listum og öllu því sem fellur undir að gleðja landann í einni eða annarri mynd yfir jólin.“


Jólamarkaðurinn stóð yfir fyrstu tvær helgarnar í desember og um helgina og á mánudag, Þorláksmessu, verður mikið annríki á Ingólfstorgi en um 45 söluaðilar verða þar síðustu dagana fyrir jólin. „Við bjóðum upp á mikla

fjölbreytni eins og fyrir segir en einnig má benda á að seljendur eru hér ekki allir á sama tíma þannig að hafi einhver heim sótt markaðinn fyrir í mánuðinum getur hann átt von á nýjum hópi seljenda um helgina. Sjón er því sögu ríkari og ég hvet alla til að mæta á síðustu daga markaðarins.“

Jólamarkaðurinn hefur fest sig í sessi sem áfangastaður í jólaundirbúningi borgarbúa og skapast gott andrúmsloft innan um ilmandi matvæli og fallegar vörur. „Auk þeirra vara sem seldar eru hér verður boðið upp á lifandi tónlist og dávaldur mun bjóða upp á ókeypis ördáleiðslu. Svo má nefna að kaffihúsið GÆS mun setja upp kaffihús í markaðstjaldinu og

mig grunar sterklega að jólasveinninn líti við.“

Jólamarkaðurinn verður opinn í dag og á morgun, sunnudag, frá kl. 12-22 en á Þorláksmessu verður opið til kl. 23. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Jólamarkaðurinn Ingólfstorgi.



Íslenskt handverk í úrvali. MYND/ÚR EINKASAFNI



Ljúffeng matvara verður á boðstólum.



Íslenska hangikjötið má ekki vanta á hátíðarborðið.

MYND/ÚR EINKASAFNI



BOSS
HUGO BOSS

watches

Hugo Boss söluaðilar:

Reykjavík:

Gilbert úrsmiður
Gullúrið-úra og skartgripaverslunv
Úra- og skartgripaverslun Heide
Meba
Meba - Rhodium

Laugavegi 62 s: 551-4100
Mjódd s: 587-4100
Glæsibæ s: 581-3665
Kringlunni s: 553-1199
Smáralind s: 555-7711

**Hafnarfjörður
Úr & Gull**

Firði-Miðbæ Hafnarfjarðar s: 565-4666

Keflavík:

Georg V. Hannah, úrsmiður Hafnargötu 49 s: 421-5757

Selfoss:

Karl R. Guðmundsson, úrsmiður Austurvegi 11 s: 482-1433

Akureyri:

Halldór Ólafsson úrsmiður Glerártorgi s: 462-2509

Akranes:

Guðmundur B. Hannah, úrsmiður Suðurgötu 65 s: 431-1458

Egilsstaðir:

Klassík Selási 1 s:471-1886



Kvikmyndin *White Christmas* var fyrst sýnd árið 1954.

GAMLAR OG GÓÐAR

Gamlar sígildar jólamyndir eru margar skemmtilegar.

Þar má nefna í fyrsta sæti bíómyndina **White Christmas** frá árinu 1954 með Bing Crosby, Danny Kaye, Vera Ellen og Rosemary Clooney, frænku George Clooney. Samnefnt lag þykir mörgum vera aðal jólagið.

Önnur jólamynd, **Holiday Inn**, frá árinu 1942 með Bing Crosby og Fred Astaire er í öðru sæti en þar kemur lagið *White Christmas* einnig við sögu.



Christmas in Connecticut

frá árinu 1942 er sömuleiðis mjög fræg og lendir í þriðja sæti. Í fjórða sæti er

Miracle on 34th Street frá árinu 1947. Barnið í myndinni er leikið af hinn frægu leikkonu Natalie Wood, sem drukknaði árið 1981.

It's A Wonderful Life frá árinu 1946 er uppáhaldsjólamynd margra. Donna Reed og Jimmy Stewart leika aðalhlutverk.

The Fighting Sullivans frá árinu 1944 er númer sex á lista yfir klassískar jólamyndir en á eftir henni kemur *Babes in Toyland* frá árinu 1934 með þeim Steina og Olla.

A Christmas Carol frá árinu 1950, Dickens-jólamynd er númer átta á listanum

A Penny Serenade

frá árinu 1941 er fræg jólamynd með Cary Grant og Irene Dunne, sorgleg mynd sem endar vel.



I'll Be Seeing You frá árinu 1945 með Ginger Rogers, Joseph Cotten og Shirley Temple er í tíunda sæti. Það var *Washington Post* sem tók listann saman.


AÐ VELJA RÉTTU GJÖFINA FYRIR BÖRNIN

Þó flest börn vilji ólm fá allt sem þau sjá í auglýsingum og bæklingum frá leikfangaverslunum þarf oft að hafa vit fyrir þeim. Vinsælasta dótið endist oft illa, skemmist fljótt eða börnin fá leiða á því. Þess vegna er gott að leggja höfuðið í bleyti og velja vel jólagjöf barnsins. Þá er gott að hafa nokkur atriði í huga:


- Taktu þér tíma til að finna út hvað börnunum finnst skemmtilegt að gera. Taktu tillit til persónuleika, áhugamála og hugðarefna og reyndu að finna gjöf sem höfðar til þessara þátta. Ef þú veist lítið um barnið er gott að spyrja foreldrana eða aðra sem eru þeim nán.
- Gagnstætt því sem margir halda þá þarf gjöfin hvorki að vera dýr né stór. Settu þér hámark og finndu gjöfina út frá því.
- Vertu hugmyndaríkur, ekki ganga inn í verslun og kaupa það fyrsta sem þú sérð.
- Gefðu gjöf sem höfðar til persónunnar og sem mun endast út lífið – ekki bara dót sem dettur í sundur eftir fyrstu notkun.
- Gefðu aðeins gjafir sem eru öruggar og henta þeim aldri sem barnið er á.



Njóttu jólabókanna, hvar og hvenær sem er!



Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson




1983
Eiríkur Guðmundsson



Hlustað
Jón Óttar Ólafsson



Léttur í lund
Guðni Ágústsson



Andköf
Ragnar Jónasson

Njóttu þess að lesa ...

eBækur

www.ebækur.is